

Mál nr. 448/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****og****vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Árekstur á Grandagarði í Reykjavík til móts við hús nr. 14 hinn 22.4.2009.****Gögn.**

168. Málskot, móttækið 15.10.2012, ásamt fylgigögnum.

169. Bréf Y, dags. 29.10.2012, ásamt fylgigögnum.

170. Bréf X, dags 12.11.2012.

Málsatvik.

Bifreiðinn A var ekið efir Grandagarði til norðausturs. Rakst þá framendi hennar í vinstri hlið bifreiðarinnar B. Áreksturinn varð seint að kvöldi. Þá var myrkur, skýjað og blautt færi. Hámarkshraði á akbrautinni mun hafa verið 50 km á klst. Báðar bifreiðar skemmdust mikið. Áfengi í blóði ökumanns A mældist 0,8 prómill.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 70-80 km hraða á klst. eða í mesta lagi á 90 km hraða á klst. Þótt hann efist um að hann hafi ekið svo hratt. Hann hafi svo ekki vitað fyrr en B hafi verið á miðri götunni og hafi hún komið frá hægri. Taldi ökumaðurinn að ökumaður B hafi verið að snúa við.

Ökumaður B slasaðist við áreksturinn og hefur ekkert getað borið um málsatvik.

Vitni sem var farþegi í A kvað það geta verið að ökumaður A hafi aðeins aukið eitthvað hraðann er þeir óku eftir Grandagarði en hann hafi ekki tekið eftir því. Hann hafi svo séð B koma frá húsi hægra megin við akstursstefnu þeirra og taka U-beygju og að ekki yrði komist hjá árekstri. Hann hafi pikkað í ökumanninn „því hann var ekki alveg að aka eftir þessu“ og hafi hann þá dregið úr hraða og minnir hann að A hafi rásað fyrst til vinstri og svo til hægri og áresktur svo orðið.

Fjögur vitni hafa borið að A hafi verið ekið mjög hratt eftir Grandagarði rétt áður en áreksturinn varð. Tvö vitnanna bera að A hafi verið ekið yfir 100 km hraða á klst.

Álit.

A var ekið langt yfir leyfilegum hraða og miðað við aðstæður allar þykir mega slá föstu að um ofsaakstur hafi verið að ræða. Þá var ökumaður A undir áhrifum áfengis þannig að hann gat ekki stjórnað bifreiðinni örugglega, sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með aksturslagi sínu var ökumaður A stórhættulegur öðrum vegfarendum. Verður áreksturinn rakinn til þessa. Þegar litið er til þess hversu alvarleg sök ökumanns A er, eru ekki næg efni til að leggja sök á ökumann B miðað við fyrirbyggjandi gögn. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 20. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.